

## AKADEMÍSK HEILINDI Í ML

### Stefna ML varðandi akademísk heilindi

Markmið Menntaskólans að Laugarvatni er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Heiðarleiki, ábyrgðartilfinning og góð vinnubrögð eru mikils metin og því ber skólanum að hvetja til akademískra heilinda í öllu starfi sínu.

Í hugtakinu akademísk heilindi felst ekki aðeins að virtar séu reglur um verkefna- og prófavinnu og viðurlög við brotum á þeim, heldur einnig að efla siðferðiskennd og siðferðisþroska nemenda og alls skólasamfélagsins. Til að ná því markmiði þurfa stjórnendur, kennarar, nemendur og forsjáraðilar nemenda að leggjast á eitt.

### Efnisyfirlit

1	Skilgreiningar á akademískum heilindum .....	1
2	Notkun gervigreindar í ML: .....	3
3	Afleiðingar af akademísku misferli .....	4
4	Hvernig er best að stuðla að akademískum heilindum og forðast akademískt misferli? .....	5
4.1	Ábyrgð nemenda .....	5
4.2	Ábyrgð skólans .....	6
4.3	Ábyrgð foreldra og forsjáraðila .....	6
5	Önnur atriði .....	6

## 1 SKILGREININGAR Á AKADEMÍSKUM HEILINDUM

### Akademísk heilindi fela í sér:

- Að skila eigin efni, bæði í einstaklingsvinnu og hópvinnu.
- Að skýra frá hvaðan þekkingin er fengin með því að gera grein fyrir öllum heimildum, hvort sem er frá fyrstu, annarri eða þriðju hendi og hvort sem heimildir eru skriflegar, munnlegar, í mynd eða hljóðskrá.
- Að vitna jafnt og þétt í heimildir á viðurkenndan hátt og gera heimildaskrá eftir viðurkenndum akademískum staðli.
- Að nýta sér upplýsingatækni og samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- Að virða góða starfshætti í prófum: Nemendur skulu ekki taka með sér óleyfilegt efni í próf og hvorki tala við né trufla aðra nemendur í prófi. Kennarar skulu sitja yfir í prófum af ábyrgð. Stjórnendur skulu sjá til þess að farið sé að reglum skólans um próf.



## Hvað telst akademískt misferli?

Andstæðan við akademísk heilindi er akademískt misferli. Í því felst hegðun sem leiðir til þess að nemandi nær betri árangri en hann á skilið í einum eða fleiri þáttum sem metnir eru til einkunnar eða hann eyðileggur fyrir öðrum nemendum. Þá gildir einu hvort ásetningur liggur að baki eða ekki. Það að vita ekki að um akademískt misferli er að ræða afsakar ekki slíka hegðun.

Akademískt misferli:

1. Ritstuldur: Að setja viljandi eða óviljandi fram hugmyndir, orð eða hugverk annarra án þess að vísa skilmerkilega til heimilda.
2. Samsekt: Að ýta undir misferli annars nemanda, til dæmis með því að leyfa honum að afrita verkefni og skila sem sínu eigin.
3. Fjölföldun: Að skila sama hugverki oftari en einu sinni, t.d. í tveimur eða fleiri ólíkum áföngum eða sem mismunandi námsþáttum.
4. Að fara ekki eftir reglum í prófi, t.d. taka með sér óleyfilegt efni í próf, valda truflun eða hafa samskipti við annan próftaka.
5. Ósæmilegt athæfi, svo sem að bæta óviðeigandi efni við skilaverkefni eða haga rannsóknarvinnu þannig að hún samræmist ekki góðum starfsháttum.

## Önnur dæmi um akademískt misferli:

- Að afrita efni frá öðrum nemanda eða leyfa öðrum að afrita efni frá sér.
- Að ljúka verkefni fyrir annan nemanda.
- Að skila inn verkefni sem unnið er af öðrum, t.d. nemanda, foreldri, vini eða einkakennara.
- Að vísa ekki til heimilda, hvort sem það er viljandi gert eða ekki.
- Að falska gögn sem notuð eru í verkefni.
- Að stela prófgögnum.
- Að koma með óleyfilegt efni inn í próf, svo sem óleyfilegan hugbúnað í reiknivélum, snjallsíma, snjallúr, fartölvur eða spjöld, þráðlaus heyrnartól eða önnur raftæki.
- Að trufla próf eða fara ekki eftir reglum í prófsal.
- Að villa á sér heimildir og taka próf í stað annars nemanda.

## 2 NOTKUN GERVIGREINDAR Í ML:

Nýlegar tækniframfarir á sviði gervigreindar, eins og ChatGPT, hafa valdið áhyggjum í ML og í menntasamfélaginu öllu, þar sem nemendur hafa möguleika á að nota þessi verkfæri til að leysa verkefni og skrifa ritgerðir.

### Hvers vegna ekki að banna notkun gervigreindar?

ML bannar ekki notkun gervigreindar. Tæknin verður óhjákvæmilega notuð í síauknum mæli. Skólinn lítur á hana sem verkfæri til menntunar en hana þarf að nota á skynsaman, gagnsæjan og siðferðislega réttan hátt. Gervigreind hefur möguleika á að verða gagnlegt tól í námi nemenda, sé unnið undir merkjum akademískra heilinda. Notkun hennar byggist þá á því að nemendur beiti gagnrýnni hugsun til að auka við þekkingu sína og skili af sér afurð sem er upprunnin hjá þeim sjálfum.

### Er gervigreind áreiðanleg?

Gervigreind getur verið skeikul, hlutdræg og telst ekki áreiðanleg heimild. Nemendur ættu ekki að treysta alfarið á gervigreind heldur sannreyna ætíð trúverðugleika upplýsinga sem þaðan koma. Nemendur ættu að hafa í huga að textar framleiddir af gervigreind eru stundum skringilega orðaðir, fullir af endurtekningum og vélrænir.

### Hvað telst vera misnotkun gagnvirkra verkfæra á borð við gervigreind?

Um notkun gervigreindar í ML gilda sömu reglur og notkun annarra heimilda. Nemendur þurfa að vera meðvitaðir um að verkefni sem leyst er með hjálp gervigreindar, hvort sem er að hluta eða í heild, telst ekki vera þeirra eigið og því verður að geta heimilda. Notkun gervigreindar til að leysa verkefni eða skrifa ritgerð (eða hluta af verkefni eða ritgerð) án þess að viðurkenna, tilgreina og vísa til heimilda á réttan hátt í heimildaskrá verkefnis/ritgerðar, jafngildir ritstuldi og telst brot á akademískum heilindum. Brot af því tagi hefur sömu afleiðingar og sambærileg tilfelli (sjá hér að neðan). Þar að auki er nauðsynlegt að nemendur fylgi reglum og leiðbeiningum viðkomandi kennara um hvort gervigreind megi nota á einhvern hátt í úrlausn verkefna eða prófa. Gervigreind ætti ekki að nota í verkefni eða á prófi þegar notkun hjálpargagna er ekki leyfð. Reglur og leiðbeiningar geta verið ólíkar milli kennara og verkefna. Nemendur skulu ráðfæra sig við viðkomandi kennara hvort gervigreind megi nota á ákveðinn hátt í verkefni eða prófi.

### Hvernig greinum við notkun gervigreindar?

Ekki er enn til hugbúnaður sem getur endanlega og án nokkurs vafa greint notkun gervigreindar við ritun texta. Þó finnast viðbætur og tól sem greina ákveðin mynstur og eiginleika í texta og geta þannig leitt líkur að aðkomu gervigreindar. ML notar Turnitin netverkfærið sem býður meðal annars uppá ritstuldar- og gervigreindargreini. Turnitin sýnir hvaða hluti textans er talinn vera ritaður af gervigreind og hvert prósentuhlutfallið er af heild verkefnisins. Nemendur og kennarar eru hvattir til að nota Turnitin við skil á hvers kyns texta. Kennarar eru einnig hvattir til að nota önnur verkfæri sem greina gervigreind til að sannreyna niðurstöður. Sé nemandi grunaður um misnotkun gervigreinar við úrlausn verkefnis gilda um það sömu reglur og ferlar eins og með önnur brot á akademískum heilindum.



### 3 AFLEIÐINGAR AF AKADEMÍSKU MISFERLI

#### Fyrsta brot í minni háttar verkefni (svo sem heimanámi, vinnu í tíma, í tilraunastofu, í smáum verkefnum og skyndiprófum):

- Kennari gerir nemanda ljóst hversu alvarlegt mál er um að ræða og nemandi skýrir sína hlið.
- Nemandi er minntur á reglur skólans um akademísk heilindi.
- Ef nemandi telst sekur um akademískt misferli má gefa honum færi á að vinna aftur verkefnið sem um ræðir, eða ekki (kennari ákveður það).
- Gefist nemanda ekki færi á að endurvinnna verkefnið fær hann núll í einkunn fyrir það.
- Kennari skráir atvikið og heldur til haga í gögnum sínum.
- Nemanda eru gerðar ljósar afleiðingar þess að brjóta aftur gegn akademískum heilindum.

#### Fyrsta brot í mikilvægu verkefni (svo sem prófum yfir önnina og lokaprófum, ritgerðum og verkefnum) EÐA annað brot í minni háttar verkefni:

Hvað telst mikilvægt verkefni er undir kennara komið en öll verkefni sem gilda 25% eða meira af annareinkunn má líta á sem mikilvæg.

- Kennari lætur stjórnendur vita (skólameistara eða áfangastjóra) og leggur fram gögn sem benda til akademísks misferlis.
- Teljist nemandi sekur um akademískt misferli er unnið samkvæmt viðurlögum um brot á skólareglum og nemandi getur fengið viðvörðun, áminningu, verið vísað tímabundið úr skóla eða verið vísað varanlega úr skólanum.
  - Skólameistari fundar með nemanda eða gefur nemanda tækifæri til að svara fyrir sig munnlega eða skriflega. Ef nemandi er yngri en 18 ára býðst forsjáraðila að vera viðstaddur komi til fundar.
  - Nemanda býðst að leggja fram skriflega yfirlýsingu til að svara ásökun um akademískt misferli.

#### Réttindi nemanda sem grunaður er um akademískt misferli

Nemanda sem grunaður er um akademískt misferli býðst að skýra mál sitt fyrir kennara og/eða stjórnanda.

Eigi nemandi á hættu að missa einingar fyrir áfanga eða vera vikið úr skóla á hann rétt á að hafa foreldri eða annan málsvara með sér á fund um málið. Áður en niðurstaða fæst skulu nemandi og forsjáraðilar hans eða málsvari fá að skoða öll gögn í málinu og leggja fram mótmæli eða eigin rök, í samræmi við 13. grein stjórnslulaga.

## 4 HVERNIG ER BEST AÐ STUÐLA AÐ AKADEMÍSKUM HEILINDUM OG FORÐAST AKADEMÍSKT MISFERLI?

### 4.1 ÁBYRGÐ NEMENDA

Nemendur Menntaskólans að Laugarvatni ástunda sjálfstæð vinnubrögð og skólinn ætlast til að þeir virði akademísk heilindi í öllu námi sínu, í kennslustundum og utan þeirra sem og í lokaprófum. Hér er átt við hvers kyns verkefni, munnleg og skrifleg, tilraunir og skýrslur um þær, ritgerðir, rannsóknarritgerðir, skapandi verkefni og heimavinnu. Þegar viðhöfð eru vönduð akademísk vinnubrögð er ávallt getið heimilda og vísað til þeirra í heimildaskrá sem unnin er á viðurkenndan hátt. Heimildir geta verið af ýmsu tagi, t.d. prentað efni, efni á neti eða upptaka, hvort sem er í hljóðskrá eða mynd.

Það er á ábyrgð nemenda að kynna sér stefnu skólans um akademísk heilindi. Það er engin afsökun fyrir nemanda sem grunaður er um akademískt misferli að hafa ekki vitað betur.

Nemendur skulu einnig bregðast við ef þeir sjá merki um akademískt misferli annarra nemenda eða óvönduð vinnubrögð af skólans hálfu og láta kennara og/eða skólameistara vita.

#### Hvernig geta nemendur varast akademískt misferli?

##### Með því að:

- Kynna sér stefnu skólans varðandi akademísk heilindi og akademískt misferli.
- Leggja sig fram um að ljúka verkefnum á eigin spýtur.
- Afhenda ekki öðrum nemanda verkefni sín.
- Afrita ekki verkefni frá öðrum nemanda.
- Forðast að fá of mikla hjálp við verkefnaskil eða yfirllestur, svo sem frá vinum, ættingjum, samnemendum, í einkatímum, frá ritgerðabönkum eða aðilum sem bjóða prófarkalestur, eða nýta gögn af deilisiðum á netinu.
- Varast að hjálpa samnemendum sínum of mikið við að ljúka verkefnum.
- Geta alltaf heimilda, hvaðan sem þær eru fengnar (á prenti, af neti eða annars staðar).
- Segja alltaf frá heimildum í munnlegum kynningum.
- Láta ekki meta sama verk oftast en einu sinni til einkunnar.
- Læra hvernig á að vísa til heimilda á réttan hátt og gera heimildaskrá.
- Spyrja kennara eða bókasafns- og upplýsingafræðing um vafaatriði.
- Skila verkefni í gegnum Turnitin-kerfið.
- Nýta netið og samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- Láta kennara eða skólameistara vita af akademísku misferli nemanda, kennara eða af hálfu skólans.

## 4.2 ÁBYRGÐ SKÓLANS

Skólinn ber ábyrgð á því að nemendum sé leiðbeint um hvað felst í akademískum heilindum og þeir hljóti þjálfun í rétttri meðferð heimilda. Þessi leiðsögn fer fram í ýmsum námsgreinum og á ýmsum stigum námsins: Í byrjendaáföngum svo sem lífsleikni, í kennslustundum í hverri grein fyrir sig þegar kynnt eru mikilvæg skilaverkefni, á bókasafni með hjálp bókasafns- og upplýsingafræðinga og í viðtölum nemenda við umsjónarkennara.

Skólinn skal einnig gera stefnu sína um akademísk heilindi aðgengilega nemendum, foreldrum, forsjáraðilum og kennurum á heimasíðu skólans.

Það er enn fremur á ábyrgð skólans að tryggja það að kennarar hljóti þjálfun í að nota þá tækni sem talin er stuðla að góðum vinnubrögðum og akademískum heilindum.

## 4.3 ÁBYRGÐ FORELDRA OG FORSJÁRAÐILA

Foreldrar og forsjáraðilar skulu tryggja nemendum gott námsumhverfi heima við og hvetja börn sín til að viðhafa sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð. En það er einnig ætlast til að nemendum sé leyft að gera mistök. Foreldrar og forsjáraðilar ættu því ekki að skrifa eða endurskrifa verkefni nemenda.

## 5 ÖNNUR ATRIÐI

Nemendum ML er kynnt stefna skólans um akademísk heilindi í lífsleikniáfangi í upphafi námsferils síns. Í efri áföngum er aftur vísað til þessarar stefnu og ávallt þegar meiri háttar verkefni eru lögð fyrir nemendur.

### Turnitin-kerfið

Skólinn hefur aðgang að Turnitin-kerfinu sem kemur upp um ritstuld og eru bæði kennarar og nemendur hvattir til að nota það þegar við á. Kennarar geta krafist þess að verkefnum sé skilað gegnum Turnitin og það sé skilyrði þess að farið sé yfir verkefni og þeim gefin einkunn.

### Endurskoðun á stefnu skólans um akademísk heilindi

Endurskoða ætti stefnu skólans um akademísk heilindi reglulega, að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Breytingar á stefnunni skulu samþykktar af stjórnendum og kennurum skólans.

*Byggt á stefnu Menntaskólans við Hamrahlíð sem byggðu á handbók IB*